

Stofnendur sjóðsins, sem eru afkomendur Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, samþykkja hér með að leita eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á ofangreindri skipulagsskrá. Þeir samþykkja enn fremur að tilnefna Bjarna Jónasson, sonarson hjónanna, kt. 210549-3239, sem aðalfulltrúa stofnenda í stjórn sjóðsins, og Árna Snæbjörnsson, sonarson hjónanna, kt. 120755-3079, sem varamann hans, sbr. 3. tl. 1. mgr. 5. gr. skipulagsskrárinnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. nóvember 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUR

### **fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015.**

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, sveitarfélagsins Garðs og Keflavíkurflugvallar er skipuð 2 fulltrúum frá varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, 2 fulltrúum frá Reykjanesbæ, 2 fulltrúum frá Sandgerðisbæ, 2 fulltrúum frá sveitarfélaginu Garði, og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

#### 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að breyta gildandi svæðisskipulagi fyrir varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli og umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 14., 12. og 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra atkvæðisbærra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli eða eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Sendi skal fundargerðir til nefndarmanna, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, oddvita sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar.

#### 4. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig

skal tillagan auglýst utan varnarsvæðis og sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefndinni fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en 6 vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna til varnarmálaskrifstofu og sveitarstjórna innan 6 vikna. Að loknum 6 vikna umþóttunartíma varnarmálaskrifstofu og sveitarstjórna skal samvinnunefndin afgreiða samþykka tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til utanríkisráðherra og umhverfísráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl árið 2005.

Að rökstuddri beiðni nefndarinnar geta utanríkisráðherra og umhverfísráðherra framlengt starfstíma hennar.

6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 61. gr. sömu laga, og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfísráðuneytinu, 10. nóvember 2004.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

Ingimar Sigurðsson.